

Álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 16. ágúst 2017 gaf kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu M-84/2016.

I

Álitaefni og kröfugerð

Þann 27. september 2016 bað X, hér eftir álitsbeiðandi, um álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna kaupa á notaðri bifreið af Y, hér eftir seljandi. Álitsbeiðandi segir bifreiðina gallaða og krefst skaðabóta.

II

Málsmeðferð kærunefndarinnar

Með bréfi, dags. 19. október 2016, var seljanda gefinn kostur á andsvörum við álitsbeiðninni og veittur tveggja vikna frestur til að skila þeim. Andsvör seljanda bárust nefndinni 31. október 2016. Hinn 16. nóvember 2016 voru álitsbeiðanda send andsvörin til upplýsinga og bent á heimild hans til að hafa uppi athugasemdir vegna andsvaranna. Hann nýtti sér þá heimild og bárust athugasemdir álitsbeiðanda þann 24. nóvember 2016. Frekari athugasemdir bárust nefndinni ekki. Með bréfi, dags. 11. ágúst 2017, var aðilum tilkynnt að kærunefndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Álitsbeiðandi keypti bifreiðina XX-000 þann 2. október 2015 af seljanda, en bifreiðin var tekin sem greiðsla upp í kaupverð bifreiðar sem var í eigu álitsbeiðanda, í bifreiðaviðskiptum milli aðila. Kaupverð bifreiðarinnar XX-000 var 1.400.000 krónur. Bifreiðin er af gerðinni WV Passat, árgerð 2007, og hafði verið ekin 159.000 km. á kaupdegi. Álitsbeiðandi segir að við skoðun hafi viðvörunarljós logað í mælaborði bifreiðarinnar sem benti til þess að vélbúnaðurinn væri ekki í lagi. Krafðist álitsbeiðandi þess að gert yrði við bifreiðina.

Þegar kaupin fóru fram logaði ekki viðvörunarljós lengur í mælaborðinu og taldi álitsbeiðandi að viðgerð hefði farið fram. Frá kaupunum var bifreiðin staðsett á bílasölu þar sem álitsbeiðandi ætlaði að selja bifreiðina. Þegar bifreiðin hafði verið á bílasölu í þrjá til fjóra mánuði, þann 17. mars 2016, kveðst álitsbeiðandi hafa fengið upplýsingar frá starfsmanni bílasölu um að áhugasamur kaupandi hafi látið lesa af tölvu bifreiðarinnar. Þeim kaupanda var bent á að kaupa ekki bifreiðina því mikið amaði að henni.

Þegar álitsbeiðandi hafði fengið þær fréttir ákvað hann að fara með bifreiðina á verkstæði og láta lesa á tölvu bifreiðarinnar. Við þann lestur kom í ljós að einungis hafði verið skipt um eitt glóðarkerti fyrir kaupin og hafði álitsbeiðandi í kjölfarið samband við seljanda. Að sögn álitsbeiðanda viðurkenndi seljandi í því símtali að hafa farið til aðila sem hafði aðgang að tölvu til aflestrar á bifreiðum, og fengið hann til að slökkva á viðvörunarljósinu í stað þess að gera við það sem var bilað. Eftir kaupin hefur bifreiðinni aðeins verið ekið milli bílaverkstæða, bílasala og í prufukeysrslu.

Samkvæmt yfirlýsingu frá Z, bifvéilverkstæði sem sá um aflestur á bifreiðinni, er stöðug villa á EGR ventil sem verður líklegast ekki löguð nema að skipta um EGR. Villa á „Pump injector Cyl 1“ er ekki stöðug, kemur stundum en er ekki virk núna og þarfnast nánari bilanagreiningar. Hið sama á við um villu á „Turbocharger underboost.“ Mat

bifvélaverkstæðisins á kostnaði við þessar viðgerðir er samtals 523.314 krónur án frekari bilanagreiningar.

Útlagður kostnaður álitsbeiðanda við úrbætur er að hans sögn samtals 510.148 krónur, þar af útskipti á einum spíss, öllum glóðarkertum, túrbínu, túrbínuventli og tölvubúnaði, samtals að fjárhæð 390.148 krónur. Vinna við viðgerðina kostaði svo 120.000 krónur.

Álitsbeiðandi telur að bifreiðin hafi verið haldin galla við kaupin sem seljandi hafi gert tilraun til að leyna. Er þess krafist að seljandi greiði skaðabætur til álitsbeiðanda sem nema útlögðum kostnaði við viðgerð á bifreiðinni.

IV

Andsvör seljanda

Í andsvörum seljanda tekur hann fram að í viðskiptum aðila hafi seljandi boðið álitsbeiðanda bifreið sína, XX-000 sem mál þetta varðar, auk greiðslu að fjárhæð 2.600.000 krónur, í skiptum fyrir bifreið álitsbeiðanda, XX-000, af gerðinni Mercedes Benz, árgerð 2008. Eftir prufuakstur og lauslega skoðun á staðnum, hjá bifreiðasölnunni Diesel.is, tókust samningar milli aðila um viðskipti.

Vélarljós logaði í mælaborði bifreiðarinnar XX-000 og bað álitsbeiðandi seljanda um að athuga hvers vegna ljósið logaði, því erfitt yrði að selja bifreiðina aftur með kveikt á ljósinu. Sambýlismaður seljanda fékk því lánaðan lítinn plastkubb (Elm 327. OBD 2. interface) sem hægt er að tengja við forrit í farsíma, til að sjá hvað væri að. Tækið sagði að glóðarkerti á strokk nr. 3 í bifreiðinni væri bilað. Sambýlismaður seljanda fór þá og keypti umræddan varahlut, skipti um hann og slökkti ljósið að viðgerð lokinni, með farsímaforritinu.

Þegar kaupsamningur var undirritaður þann 2. október 2015, var bifreiðin að bestu vitund seljanda í fullkomnu lagi og voru báðir aðilar ánægðir með viðskiptin að sögn seljanda. Tæplega hálfu ári eftir viðskiptin fóru að berast kvartanir frá álitsbeiðanda þar sem ýjað er að því að brögðum hafi verið beitt við söluna og að átt hafi verið við tölvu bifreiðarinnar. Segir seljandi þessar staðhæfingar fráleitar og hafnar þeim alfarið.

Seljandi bendir á að um 8 ára gamla bifreið er að ræða sem ekin var um 159.000 km. við kaupin. Ekki sé unnt að vita hvar eða hvenær svo gömul bifreið muni bila vegna aldurs og notkunar og geti seljandi ekki tekið ábyrgð á slíku.

Seljandi bendir einnig á að bifreiðin sem álitsbeiðandi seldi seljanda við viðskiptin, XX-000, hafi margoft kveikt villuljós í mælaborði og til að mynda logaði villuljós þegar andsvörin voru send til nefndarinnar. Meðfylgjandi andsvörum seljanda eru niðurstöður álestrar af umræddri bifreið sem framkvæmd var hjá Öskju í mars 2016. Þá hefur bifreiðin sem álitsbeiðandi seldi bilað alvarlega þegar ABS kerfi varð óvirkt og var bifreiðin þá óökufær í þrjár vikur. Seljandi hefur keypt varahluti í bifreiðina fyrir tæplega 300.000 krónur og tekur fram að honum hafi ekki dottið í hug að krefja álitsbeiðanda um þann kostnað.

Allri greiðsluskyldu vegna bifreiðarinnar er hafnað af seljanda.

V

Athugasemdir álitsbeiðanda við andsvör seljanda

Í athugasemdum sínum við andsvör seljanda tekur álitsbeiðandi fram að ekki sé trúverðugt að tækið sem notað var til aflestrar hafi aðeins sýnt eina villumeldingu. Það að skipta út glóðarkerti sé minnsta og einfaldasta verk sem ljósið hafi sýnt. Þá bæði viðurkenni seljandi að hafa átt við tölvuna en tekur einnig fyrir það í andsvörum sínum. Álitsbeiðandi bendir seljanda á að leita til fagaðila með bifreiðina sem hann keypti af álitsbeiðanda.

Að lokum segir álitsbeiðandi að allt annað sem ami að bifreiðinni XX-000, sem mál þetta varðar, fyrir utan kostnað vegna vélarljóssins, sé á hans eigin ábyrgð og álitsbeiðandi muni sjálfur bera kostnað vegna þess.

VI

Niðurstaða kærunefndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur undir lög nr. 48/2003 um neytendakaup, sbr. 2. mgr. 1. gr. laganna, enda hefur umboðsmaður seljanda atvinnu af sölu bifreiða.

Líkt og að framan er rakið keypti álitsbeiðandi bifreiðina XX-000 þann 2. október 2015 af seljanda fyrir 1.400.000 krónur. Bifreiðin er árgerð 2007 og var því rúmlega 8 ára við kaupin og hafði verið ekin 159.000 km. á kaupdegi.

Í kaupsamningi og afsali fyrir bifreiðinni, dags. 2. október 2015, segir m.a. eftirfarandi: „Ökutækið selst í núverandi ástandi sem kaupandi hefur kynnt sér og sætt sig við, en seljandi kann að vera ábyrgur gagnvart kaupanda vegna galla samkvæmt almennum reglum. [...] Kaupandi er hvattur til að kynna sér verð á sambærilegum ökutækjum fyrir undirritun kaupsamnings!“

Kærunefndin álitur að um kaupin gildi 16. og 17. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup (nkpl.) en í 1. mgr. 17. gr. kemur fram að þótt söluhlutur sé seldur „í því ástandi sem hann er“ eða með öðrum áþekktum almennum fyrirvara teljist hann gallaður þegar:

- „a. ástand söluhlutar er verra en neytandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti;
- b. fyrir liggja atvik sem lýst er í b- eða c-lið 1. mgr. 16. gr.“

Í b- og c- lið 16. gr. segir síðan að söluhlutur sé gallaður ef:

- „b. seljandi hefur við kaupin vanrækt að gefa upplýsingar um atriði varðandi hlutinn eða not hans sem seljandi hlaut að þekkja til og neytandi mátti ætla að hann fengi upplýsingar um, enda megi ætla að vanrækslan hafi haft áhrif á kaupin;
- c. hann svarar ekki til þeirra upplýsinga sem seljandi hefur við markaðssetningu eða á annan hátt gefið um hlutinn, eiginleika hans eða notkun nema seljandi sýni fram á að réttar upplýsingar hafi verið gefnar neytanda við kaupin eða að upplýsingarnar hafi ekki haft áhrif á kaupin;“

Í 3. mgr. 16. gr. nkpl. kemur síðan fram að neytandi geti ekki borið neitt það fyrir sig sem galla sem hann vissi eða mátti vita um þegar kaupin voru gerð.

Í framangreindum ákvæðum er annarsvegar kveðið á um upplýsingaskyldu seljanda og aðgæsluskyldu kaupanda, auk þess sem í a- lið 1. mgr. 17. gr. er kveðið á um að söluhlutur sé gallaður þegar ástand hans er verra en kaupandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti.

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur vandséð að bifreiðin hafi ekki svarað til upplýsinga sem seljandi hafi gefið um hana samkvæmt c-lið 16. gr. nkpl., enda liggur ekki fyrir hvers eðlis upplýsingagjöf seljanda var við söluna. Þá er ekki hægt að fallast á það með álitsbeiðanda að seljandi hafi vanrækt að gefa upplýsingar um bifreiðina sem hann þekkti til eða hlaut að þekkja til, sbr. b-lið 16. gr. nkpl. Álitsbeiðandi byggir á því að seljandi hafi leynt upplýsingum fyrir honum varðandi annmarka á bifreiðinni, enda sé ekki líklegt að aðeins ein tilkynning um villu hafi komið fram við álestur bifreiðarinnar og seljandi hafi því beitt brögðum til að losna við ljós í mælaborði bifreiðarinnar. Seljandi staðfestir í andsvörum sínum að hann hafi slökkt á ljósi í mælaborðinu, en ekki verður litið svo á að hann hafi slökkt ljósið með brögðum til að leyna göllum á bifreiðinni. Það sem er sannað í málinu er að

seljandi lét lesa á tölvu bifreiðarinnar og kom þá í ljós að skipta verði um glóðarkerti í strokk nr. 3 sem seljandi gerði, en ekki hefur verið sannað í málinu að seljandi hafi fengið tilkynningu um önnur atriði sem laga þurfi. Nefndin telur því að það hafi að engu marki verið sannað í málinu að seljanda hafi verið kunnugt um aðra annmarka á bifreiðinni eða leynt tilteknum eiginleikum bifreiðarinnar fyrir álitsbeiðanda.

Stendur þá aðeins eftir mat á því hvort ástand bifreiðarinnar hafi verið verra en álitsbeiðandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti, sbr. a-lið 1. mgr. 17. gr. nkpl.

Kærunefndin telur sannað í málinu að bifreiðin hafi verið haldin ákveðnum annmörkum þegar álitsbeiðandi fékk hana afhenta, enda hefur bifreiðinni verið ekið lítið sem ekkert eftir kaupin og bilun hennar kom í ljós rúmlega 5 mánuðum eftir að álitsbeiðandi festi kaup á henni. Annmarkar bifreiðarinnar eru, samkvæmt mati frá Z bifvélaverkstæði, villa á EGR ventli og svo villur sem eru stundum til staðar og stundum ekki á „pump injector cyl 1“ og „turbocharger underboost“. Útlagður kostnaður álitsbeiðanda við úrbætur er að hans sögn samtals 510.148 krónur, þar af útskipti á einum spíss, öllum glóðarkertum, túrbínu, túrbínuventli og tölvubúnaði. Í málinu liggja fyrir reikningar sem staðfesta útlagðan kostnað álitsbeiðanda samtals að fjárhæð 344.160 krónur. Vinna við viðgerðina kostaði 120.000 krónur að sögn álitsbeiðanda en engin gögn liggja fyrir sem staðreyna þann kostnað.

Álitsbeiðandi varð var við það fyrir kaupin að viðvörunarljós væri í mælaborði bifreiðarinnar og það seljanda um að fjarlægja ljósið, en ekkert hefur komið fram um samskipti aðila eftir að seljandi hafði fjarlægt ljósið í mælaborðinu. Þegar gögn málsins eru metin verður að líta svo á að álitsbeiðandi hafi ekki óskað eftir upplýsingum um ástand bifreiðarinnar eða hvað hafi verið gert svo ljósið hyrfi, heldur keypt bifreiðina án þess að kanna hvaða annmarkar hafi verið á henni. Hefur það sérstaka þýðingu í málinu að álitsbeiðandi er bifvélavirkjameistari og ætti þekking hans að gefa honum tilefni til nánari skoðunar og upplýsingaöflunar áður en hann festir kaup á bifreið sem var rúmlega 8 ára á kaupdegi og keyrð tæplega 160.000 km. Ekki er unnt að ætlast til þess að bifreiðar sem hafa náð þeim aldri og verið eknar slíkar vegalengdir muni ekki þarfnast tiltekins viðhalds eða viðgerða. Álítur nefndin því að ástand bifreiðarinnar hafi ekki verið verra en álitsbeiðandi hafði ástæðu til að ætla miðað við öll atvik málsins, sbr. a-liður 1. mgr. 17. gr. nkpl. Verður því að hafna kröfu álitsbeiðanda.

Umtalsverður dráttur hefur orðið á afgreiðslu máls þessa fyrir nefndinni. Meginástæða dráttarins er sú að á tímabilinu 6. júlí til 19. október 2016 var kærunefndin óstarfhæf sökum þess að skipun nefndarmanna hafði ekki verið endurnýjuð. Þeir einstaklingar sem áður höfðu haft skipun til starfa í nefndinni voru því umboðslausir og höfðu ekki heimild til að sinna nefndarstörfum.

VII Álitsorð

Kröfu álitsbeiðanda, X, er hafnað.

Áslaug Árnadóttir
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Hrannar Már Gunnarsson